

Fundargerð svæðisráðsfundar Ægissvæðis starfsárið 2012 – 2013, fjórði fundur haldinn 21. september 2013 í umsjá Vörðu í Kiwanishúsi Keilis í Keflavík.

Fundarsetning. Svæðisstjóri Konráð Konráðsson setti fund kl. 9.00 og bauð fundarmenn velkomna. Að slepptum setningarorðum svæðisstjóra fór brunaboði hússins í gang og gekk treglega að kæfa þau hljóð en engan eld þurfti að kæfa. Hvort þessi uppákoma var vísbending um hvort heitar hitaumuræður mundu einkenna fundinn skal ósagt látið. Svæðisstjóri minntist tveggja látinna félaga, báða félaga Eldeyjar, þeirra Hauk Hannessonar sem var einn af stofnfélögum Eldeyjar og Einars Vilhjálmssonar. Fundarmenn risu úr sætum í minningu þeirra.

Mæting. Mættir voru alls 31 fundarmenn, þ.a. 5 fulltrúar frá Eldey, 8 frá Eldborg, 3 frá Keili, 2 frá Hofi, 3 frá Hraunborg, 2 frá Setbergi, 4 frá Sólborg, 4 frá Vörðu.

Gullkorn: Kjörforseti Vörðu, Vigdís Ellertsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var send á Internetið og var aðgengileg þar. Ekki var óskað eftir að hún væri lesin upp. Ingólfur A. Steindórsson, forseti Eldeyjar, gerði 2 athugasemdir við fundargerðina og voru þær teknar til greina og fundargerðin leiðrétt og þannig samþykkt.

Morgunverðarhlé.

Skýrsluskil klúbba í handahófsröð :

Eldey: Ingólfur Arnar Steindórsson
Setberg: Aage Petersen
Keilir: Jóhannes Sigvaldason
Sólborg: Emelía Dóra Guðbjartsdóttir
Hraunborg: Gunnþór Þ. Ingason
Varða: Vigdís Ellertsdóttir í forföllum forseta
Hof: Guðmundur Th. Ólafsson
Eldborg: Jóhann A. Guðmundsson
Skýrsla Svæðistjóra Konráðs Konráðssonar

Umræður um skýrslur. Ingólfur A. Steindórsson, að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar á fundinum, útskýrði hann áralangt samstarf Eldeyjar og Lionsklúbbsins Munins í Kópavogi um sameiginlegan, árlegan fund síðasta vetrardag.

Emilía Dóra Guðbjartsdóttir þakkaði skýrslur klúbbanna sem ekki mega leggjast af. Þakkaði sérstaklega skýrslu Gunnþórs forseta Hraunborgar. Svæðistjóri tók undir orð Emilíu.

Afhending viðurkenninga. Hefð hefur skapast í Ægissvæði um viðurkenningar fyrir góð störf á vettvangi umdæmis og svæðis. Veitti svæðisstjóri viðurkenningar til eftirtalinna embættismanna: Vigdís Ellertsdóttur ritara Vörðu fyrir framúrskarandi ritarastörf og Emilíu Dóru Guðbjartsdóttur forseta Sólborgar sérstaklega vegna fjölgunar félaga.

Stjórnarskipti. Dröfn Sveinsdóttir, viðtakandi umdæmisstjóri setti eftirfarandi embættismenn svæðisins í embætti: Ritara Margréti Eyjólfsdóttur. Svæðisstjóra Jóhönnu M. Einarsdóttur og kjörsvæðisstjóra Magnús Eyjólfsson.

Jóhanna tók við fundarstjórn og ávarpaði fundinn og þakkaði Dröfn. Hún ræddi um samstarf klúbba í svæðinu og varpaði t.d. fram hugmynd að Keilumóti svæðisins. Einnig boðaði hún breytingu á skýrsluskilum. „Klúbbar fái skýrslur vikur fyrir svæðisráðsfund.“ „Svæðisráðsfundir

hafi viðtækara hlutverk, umræðuhópar, fræðsla, umræðuefni“ Hún vakti athygli á breyttu formi mætingavikurkenninga á rafrænu formi sem sent verður til klúbbanna að afstöðnum svæðisráðsfundum.

Önnur mál. Magnús Eyjólfsson óskaði Vigdísi og Emilíu til hamingju með viðurkenningar. Hann fjallaði um sumarhátíð í Garði, sem var aflýst, og vinnu Hofsfélaga við undirbúning hennar, einnig um starfið í Hofi, fátt væri um heimsóknir klúbba og huga þurfi að aðstæðum minni klúbba og sambandi stærri klúbba við þá minni.

Óskar Guðjónsson boðaði fræðslu og fundi um Eliminate-verkefnið, sem hann og Ástbjörn Eyjólfsson munu annast næsta vor. Fræðsla mun verða á vettvangi klúbbanna um verkefnið.

Hann þakkaði fráfarandi svæðisstjóra góð störf og minnti á að Konráð hefði hlotið viðurkenningu umdæmisins á þingi sem fyrirmyndar svæðisstjóri.

Óskar sagði frá fjölgunarverkefni heimshreyfingar Kiwanis og benti á að fjölgunin væri helst nú í Asíu. Óskar, sem fulltrúi í heimsstjórn, lýsti sig reiðubúin til að upplýsa og fræða. Hann sagði frá áformuðu kynningarátaki, í tilefni þess að 50 ár eru frá stofnun fyrsta klúbbsins Heklu, á verkefnum Kiwanis á Íslandi, sem ætti að vekja athygli á Kiwanisstarfinu og verða því til framdráttar.

Emilía sagði kynningarátakið ætti að nýta til kynningar og fjölgunar félaga. Óskar lýsti nokkrum atriðum sem nota mætti í þessum tilgangi.

Jóhann forseti Eldborgar sagði frá uppsetningu skiltis í miðbæ Hafnafjarðar til fjáröflunar og sem gæti það orðið öflug kynning.

Dröfn þakkaði fráfarandi svæðisstjórn góð störf og færði klúbbum, sem fengu viðurkenningar á umdæmisþingi, hamingjuóskir. Hún ræddi um rafrænt mætingaform sem nýtast ætti bæði á vettvangi svæðis og klúbba.

Guðmundur Th. Ólafsson sagði frá kynningarátaki Hofis sem mun verða með kynningu íþróttahúsinu í Garði í eigin kynningarbás.

Andrés Hjaltason flutti Jóhönnu eiginkonu sinni og viðtakandi svæðisstjóra hamingjuóskir sem og fráfarandi svæðisstjóra Konráði.

Fundarslit. Svæðisstjóri Jóhanna Einarsdóttir þakkaði góðar skýrslur og gögn á fundinum og fundarmönnum fundarsetu. Óskaði fundarfólki góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 11:15

Arnaldur Mar Bjarnason

Svæðisráðsritari